

Aðalfundur

Snarfara félags sportbátaeigenda

29. janúar 2015

Formaður setti fund upp úr klukkan átta og stakk upp á Sigvalda H. Péturssyni sem fundarstjóra og Pálínu E. Jónsdóttur sem fundarritara sem var samþykkt af fundarmönnum, þó tók Pálína fram að ekki væri venja að einhver úr stjórn skrifi aðalfundargerðina.

Fundarstjóri lýsti fund löglegan boðaðan. Fór yfir hefðbundna dagskrá aðalfundar. Lagði til fyrirspurnir yrðu þegar búið væri að fara með skýrslu stjórnar og lýsa reikningum. Var það samþykkt.

Hafþór formaður fór yfir starfsárið, haldnir voru 7 formlegir stjórnarfundir. Mannfagnaðir voru margir og vel heppnaðir, t.d. sögu- og myndakvöld, á þorralóti voru um 45 manns. Vorfundur haldinn, jólahlaðborð, skótuveislu. Veiðidagurinn var haldinn og Þerneyjarhátíð. Segja má að um 10% félagsmanna mæti á viðburði. – Hvammsvíkurhátíð var aflýst vegna veðurs og þátttökuleysis, en áætlað hafði verið að halda veglega hátíð með samkomutjaldi og fleiru.

Laugardalshátíð var haldin hér og tókst mjög vel. Hún hefur verið haldin í 12 ár og aldrei á sama stað. Þau vinna með íbúasamtökum og borginni og ekki tækt fyrir okkur að hafna því.

Framkvæmdir: Neyðarstigir, um 50 stk. voru smíðaðir og komið fyrir á bryggjum. Einn var hætt kominn, engu mátti muna. Síðan hafa 4 dottið í höfnina, þeir sögðu stigana skipta sköpum. Hvergi er betri búnaður en hér, kostaði um 1 milljón. Viðeyjarbryggja var tekin í land, hún var hálf sokkin. Lok á rörunum voru gölluð, höfðu verið kaldsoðin í rörin. Maður frá Seti kom svo hingað og heitsauð þau á sinn stað, sagði hitt hafa verið mistök, engan reikning hefur félagið fengið enn. Jákvætt svar hefur borist frá borginni um að setja hana aftur úr í eyju, fyrra sumarið var bara til reynslu.

Þerneyjarbryggjan var gjörónýtt. Hin nýja var tilbúin í lok maí, sjálfboðaliðar unnu það til loka. 2. Ágúst var Þerneyjarhátíð. Bólin þurfti líka að endurnýja. Mæting var 15 bátar og 55 manns þó á þessari helgi væri.

Dýpkun. Unnið hefur verið að dýpkunarmálinu en það stendur í borginni með framhald. Björgun reiknar með miklu verki, um 3 millj með vsk. En þeir geta ekki hafið verk án leyfis frá Reykjavíkurborg. Boltinn skoppar milli hafnar og borgar, málið ekki lent enn. En ég er alltaf að reyna að koma því áfram.

Tjaldið er farið. Tilraunin tókst ekki vel. Rauður gámur fyrir gúmmibáta er kominn, frá Atlantsolíu og aðrir tveir þar sem t.d. aðstaða þar sem tjaldið var áður. Hugsanlega má leigja geymslupláss í þeim. – Minni á þorralótið. Það verður í hádeginu, það tekst betur en á kvöldin. – Með þessu lauk formaður skýrslu stjórnar.

Guðrún gjaldkeri skýrði reikninga, Fór yfir tekjur og gjöld, tekjur um 19,1 millj, hagnaður 7 millj. Las áritanir. Eignir um 92 millj. Langtíma- og skammtímaskuldir um 14 millj.

Sigvaldi fundarstjóri bauð orðið um skýrsluna og reikninga.

Hafþór formaður: Skuldir greiddar hratt niður en gjöld fryst. Eitt lán á 11 millj, en þó framkvæmt í uppsátursplan, Þerney, Viðey, Traktor, en förum vel með. Handbært fé um 10 millj. Von er á um 12 millj í félags- aðstöðu- og bryggjugjöld. Það gera liðlega 20 millj. Þurfum að velta fyrir okkur hvað skal gera fyrir þá peninga. Ekki á færi stjórnar að eyða sjálf.

Úr sal: Tillaga að borga helming af stóra lánu nú og helming ári seinna. Spurning þó um uppgreiðslugjald.

Guðmundur: Viðskiptakröfur? Yfir 2 millj í rafmagn. Hvaða vextir eru á lánu. Má hafa rekstrarár almanaksárið?

Haffi formaður. Hærrí vextir af lánu en innlánsvextir. Líst vel á að greiða í tveimur áföngum.

Þórarinn: Þurfum að eiga fyrir dýpkun. Allur sandburðurinn Björgun að kenna.

Svarað: Borgin er að hugsa um að dýpka hingað og inn í Bryggjuhverfi og svo aldrei meir. Hrólfi og okkur líst best á styttri leiðina.

Úr sal: Óviðunandi að fara lengri leiðina.

Haffi formaður: Erum alltaf að hamra á málinu. Vonandi fréttist eitthvað í vor.

Úr sal: Líst vel á styttri leið, sennilega dýpra. Áætlun stenst að borga lán, eigum þá fyrir dýpkun.

Óli varaformaður: Málið snýst um dýpkunarleyfi. Bíðum eftir fundi.

Björgvin úr sal: Hafa ekkert leyfi að vera þarna Björgunarmenn. Mikið ónæði. Allt hverfið titrar þegar þeir eru með vélarnar í gangi.

Formaður: Við sinnum fyrst félaginu, seinna umhverfismálum.

Úr sal: Er eitthvað sjáanlegt sem við þurfum að hafa fjármagn í?

Haffi formaður: Nei ekkert. Allt í þokkalegu lagi. Kafað var að B-bryggju þar sem hún slitnaði. Þar er Seaflexið mjög slitnið og farið að slitna á C. Okkar kafari kemur með kolsvartar í ryðfríum keng. Króli sem sagt gengur frá eins og hann segir okkur að ekki sé hægt. Ekkert traust er eftir á Króla. Skipta þarf út legufærum á næstunni, þess vegna báðum við um að létta á bryggjum í vetur. Tveggja metra dýpi, að 4,8 metrum í flóð og hnausþykkur ís veldur þessum skemmdum á Seaflexi sagði Haffi sem tjáði forstjóra Seaflex það, taldi sá þetta ekki ósennilega skýringu. Nýlega slitnaði á Akranesi og í Norðurfirði, ekki normalt. A bryggja er í góðu lagi, nú í keðjum, rekur aðeins en fer ekkert. Eftir 3 ár eru keðjurnar enn í góðu lagi.

Úr sal: Hvað kostar að gera við hinar tvær?

Haffi: Króli er dýr. Okkar lausn kostar 1/5. Ekki hægt að eyða 5 milljónum í hverja. Keðjur hafa lengi verið notaðar hér, fyrir mína tíð.

Úr sal: Tillaga um að greiða lánið upp á tveim árum. – Samþykkt.

Fundarstjóri ber upp skýrslu stjórnar og reikningar. – Samþykkt.

Fundarstjóri ber upp tillögu stjórnar að óbreyttri gjaldskrá. – samþykkt.

Félagsgjald	5.000
Aðstöðugjald	35.000
Inntökugjald	40.000
Aukalyklar	1.500
A-bryggja, breidd stæðis 4,0 m	50.000
B-bryggja, breidd stæðis 3,6 m	46.000
C-bryggja vestur, breidd stæðis 3,1 m	41.000
C-bryggja austur, breidd stæðis 2,6 m	32.000
Hverjir byrjaðir 10 cm umfram breidd stæðis á bryggjum	1.000
Traktor (félagsmenn)	4.000
Traktor utan athafnasvæðis pr. byrjuð klst.	5.000
Rennugjald (félaga án aðstöðu)	3.000
Rennugjald utanfélagsmenn	5.000
Traktor fyrir utanfélagsmenn	5.000
Þvottagjald utanfélagsmenn	5.000
Vaktasekt (vakt ekki staðin)	20.000
Dagsekt við bryggju (eftir lokun hafnar)	1.000
Daggjöld á landi	1.000
Daggjöld við bryggju	2.000
Snarfarafáni til að hafa um borð eða heima	3.000
Afnót af rafmagnsmæli (árgjald)	5.000
Rafmagn: 1 KWst samkv. álestri mælis	18
Skemma hvern sólarhring	4.000

Eyvindur Jóhannsson biður um orðið: Félagsstarfi hefur hnignað, skemmtanir og siglingar. Kynnti Símon Kærnested sem nýjan formann. – Þakkaði Hafþóri en sagði nóg komið. Hann býður fram fullskipaða stjórn kynnti Eyvindur, þau ...

Guðrúnu Valtýsdóttur, Kristján Kristjánsson, Sigríði Jónsdóttur og Bjarna Hrafnsson.

Símon tók til máls: Ég á von á breytingum. Minnkað mjög þátttaka. Vantar meira líf í kringum bátana. Það hefur dalað svo mikið. Stefni að því að lífga upp á félagið. Hef ekkert á móti trillukörnum, en vinda á einum slíkum var við hlið míns báts. Ég hafði áhyggjur.

Hafþór: Allt hefur farið niður á við. Var gullöld áður. Flestir þeir gömlu seldu sína báta. Hrunið og olíukostnaður rauk upp. Okkar að skapa ykkur aðstöðu, ég teymi engan út. En halda átti grand veislu í Hvammsvík en allop fáir skráðu sig. Þið vitið hvernig ég starfa, hvað ætlar hann að gera, hækka gjöld? ráða starfsmann? Hljóta að vera hagsmunir að við förum í sömu átt. Símon hefði átt að láta okkur vita, hefðum þá boðið fram Símon til formanns.

Guðmundur K.: Eitthvað kunnuglegt. Þegar vel gengur vill alltaf einhver taka yfir. Mjög vel tekið á móti mér fyrir 4 árum. Stjórnin sá um allt.

Guðmundur Jensson: Félagið rekið með sóma. Vona að haldi velli. En með borðleggjandi skemmtinefnd þarna, Símon og þau.

Stefán K.: Ég er sonur Símonar. Ég er á því að skipti máli hver er hér formaður. Holt að skipta um öðru hverju. Símon er ekki ókunnugur hér. Mjög gott að skipta um. Betur sjá augu en auga.

Guðbergur: Fagna að áhugi er á framboði. Tala fyrir mig að mér mislíkar framgangurinn. Vil að við í litlu félagi vinnum betur saman, aðdragandinn og kynningin. Þakka þessari stjórn góð störf.

Þórarinn: Finnst dálítið mikill hvellur, er Lionsmaður, þar er kosin stjórn og varastjórn sem tekur við næst, gefst vel, en svona sprengjur.

Haffi. Ætlaði að hætta. Spurði og enginn vildi taka við. Ekkert á móti Símoni. En af hverju talaði hann ekki við okkur í sátt. Verð að halda áfram, get ekki sagt mínum mönnum að fara út bara.

Brynjar: Umræðan einkennileg. Ekki er ætlast til að fá vilyrði. Ætti að senda SMS til að hvetja menn til framboðs.

Gengið til kosninga um formann, Hafþór og Símon, skriflega. Félagslegir skoðunarmenn safna atkvæðum. – Fundarstjóri kynnir úrslit, Hafþór 50 atkvæði, Símon 19. Hafþór réttkjörinn formaður.

Tveir meðstjórnendur kosnir : Guðrún Valtýsdóttir og Örn Björnsson.- Samþykkt.

Varastjórn kosin, 3 menn: Hörður Hagalund, Bjarni Eysteinnsson og Ingólfur Guðlaugsson. – Samþykkt.

Félagslegir endurskoðendur: Jónas Garðarsson og Sigvaldi Pétursson. – Samþykkt.

Varaendurskoðendur: Jón Andrés Jónsson og Guðmundur Gestsson. – Samþykkt.

Fundarstjóri kynnir síðasta dagskrárlið, Önnur mál.

Hafþór þakkar fyrir sig, en aftur nú eins og síðast, í síðasta sinn. Vona að Símon gefi kost á sér næsta ár en lýsi eftir mönnum í skemmtinefnd. – Eyvindur tekur að sér skemmtinefnd og velur með sér, hefur stuðning stjórnar.

Hákon Gissurarson: Á að skipta úr flexi. – Svar: Nei en fylgst er með þessu, höldum fund ef framkvæmdir verða stórar. – Hörður Hagalund: Ætla þeir í Seaflex að gera eitthvað. – Svar: Ekki víst.

Guðbergur. Þetta upphlaup. Slæmt að gera þetta svona. Er hægt að segja í lög að hafa hálfsmánaðar fyrirvara.

Hafþór. Er í lögum að það þarf að boða lagabreytingar í fundarboði og samþykkt aftur að ári.

Guðbergur: Sett eru lög og síðan reglugerðir eins og í þinginu, æskilegt að koma aðeins fyrr. Megum ekki missa menn svona. Þarf að senda SMS og fá líklega framboðsmenn.

Tryggvi Skjaldarson: Æðislegt félag. Þurfum skýrar reglur með allar kosningar og að allir verði sáttir ekki togstreya. Legg til fá þrjá menn í að skoða reglur, að hafa reglur svo ekki þarf að rifast.

Hafþór: Mætti vera í reglum að formaður sæti ekki lengur en fjögur ár.

Ekki tóku fleiri til máls.

Sigvald fundarstjóri: Þakka fundarmönnum og slít fundi. – Vel var mætt, stútfullur fundarsalur.